



# Gjaldskrá Sandgerðishafnar 2026.

## **1. grein: Almenn ákvæði.**

### **1.1 Um lagaheimild og tilgang.**

Gjaldskrá þessi fyrir Sandgerðishöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003. Gjaldskráin á að vera við það miðuð að Sandgerðishöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnarinnar eins og lýst er í 5. tölulið 3. gr. hafnalaga. Gjaldskráin tekur breytingum skv. ákvörðun hafnarráðs hverju sinni.

### **1.2 Um stærðarviðmiðun.**

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonna tölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasampykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 og 3. kafla skipalaga nr. 66/2021 um merkingu og mælingu skipa. Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn á athafnasvæði hafnarinnar og njóta þjónustu þar.

## **2. grein: Skipagjöld.**

### **2.1 Lestargjöld.**

Af öllum skipum skal greiða lestargjöld kr. 23,00 pr. br. tonnataka skips af hverri komu, en þó ekki af fiskiskipum stærri en 100 br. tonn oftast en tvisvar í mánuði.

Lágmarks mánaðargjald er kr. 15.750 á mánuði.

Þau skip eru undanþegin greiðslu lestargjalda sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka, slasaða eða látna menn, svo fremi þau sæki ekki aðra þjónustu eins og löndun afla eða vöru.

### **2.2 Bryggjugjöld.**

Innheimt er bryggjugjald af skipum og minni bátum sem hér segir:

Af öllum skipum sem leggjast að bryggju skal greiða kr. 12,60 pr. br. tonnataka báts pr. dag, þ.e. fyrir hvern byrjaðan dag sem skipið er í höfn, en þó aldrei lægri en kr. 3.200.- á mánuði.

Fiskiskip greiðir þetta gjald ekki oftast en fyrir 26 daga í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 136 á mælieiningu fyrir báta 21-50 BT, þó aldrei lægra en kr. 19.270 á mánuði.

Gjald fyrir legu við flotbryggju er kr. 756 á dag,- eða fast gjald kr. 19.270 á mánuði.

Skipagjöld eru innifalin í flotbryggjugjaldi.

Gjald fyrir legu gestaskútu við flotbryggju eða þil skal vera kr. 16.150 eða 110 evrur á viku.



SUDURNESJABÆR

Skip sem liggja í höfn og eru ekki í rekstri greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag. Skip sem legið hefur lengur en tvo mánuð í höfn er skip sem ekki telst vera í rekstri. Skip og bátar sem leggjast að bryggju og eru án haffærisskírteinis greiða tvöföld bryggjugjöld byrjaðan annan mánuð í viðlegu við hafnarkant, þreföld bryggjugjöld byrjaðan þriðja mánuð í viðlegu við hafnarkant, fjórföld bryggjugjöld byrjaðan fjórða mánuð í viðlegu við hafnarkant, fimmföld bryggjugjöld byrjaðan fimmta mánuð í viðlegu við hafnarkant, sexföld bryggjugjöld byrjaðan sjötta mánuð í viðlegu við hafnarkant og tíuföld bryggjugjöld hvern byrjaðan mánuð í viðlegu við hafnarkant eftir það.

Hafnarstjóra er heimilt að falla frá þessu ákvæði í gjaldskrá ef sérstakar aðstæður liggja þar til grundvallar. Svo sem veikindi eiganda eða alvarleg vélarbilun.

### **3. grein: Vörugjöld.**

#### **3.1 Almenn ákvæði**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem losaðar eru úr skipi á land eða lestaðar eru í skip. Sama gildir um vörur sem fluttar eru milli skipa innan marka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, skal aðeins greitt vörugjald ef vörurnar eru losaðar úr skipi og fluttar landleiðina til skráðs áfangastaðar. Undanþegnar vörugjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna þess að þær eru fyrir öðrum vörum sem losa þarf og/eða vörur sem þarf að losa úr skipi um stundarsakir vegna viðgerða á skipi. Hér er um að ræða vörur sem fara aftur um borð í skip.

#### **3.2 Undanþágur**

Eftirfarandi vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

Umbúðir, s.s. fiskikör, tómir gámar o.fl. sem eru endursendir. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna. Sorp og annar úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

#### **3.3 Um útreikning á vörugjaldi**

Vörugjald skal reikna eftir þyngd vöru, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða útgerð skips er skylt að láta Sandgerðishöfn í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskapar vottorð um vörumagn sem lestað hefur verið eða losað úr skipi hans. Þyki yfirmanni hafnarinnar ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur réttast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem er í hæsta gjaldflokki. Sjá nánar grein 5.1 í gjaldskrá þessari um framkvæmd á innheimtu vörugjalda og ábyrgð útgerðar flutningaskipa. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir. Vörugjald af sjávarafra reiknast af verðmæti (sjá nánar útskýringar í 5. fl., lið 3.4 hér í vörugjaldskránni). Lágmarksgjald í öllum flokkum vörugjalds er kr. 483 fyrir hvert tonn.



### 3.4 Vörugjaldskrá

1. fl.: Gjald kr. 499 pr. tonn.

Dýrafóður s.s. hakkaður og frystur fiskúrgangur.

2. fl.: Gjald kr. 693 pr. tonn.

Bensín, brennsluolíur, kol, laust salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

3. fl.: Gjald kr 903 pr. tonn.

Lýsi og fiskimjöl, þungavarningur, svo sem sekkjarvörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingarframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, drykkjarvörur og ávextir.

4. fl.: Gjald kr. 2.499 pr. tonn.

Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í 1.-3. fl.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,60% af aflaverðmæti.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski sem landað er, reiknast miðað við tvöfalda þyngd.

Gjald af sjávarafla sem fluttur er erlendis með gámum og seldur þar, reiknast af söluverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda Sandgerðishöfn skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af sundur liðaðri aflaskýrslu til Fiskistofu Íslands eða skv. samkomulagi. Aflagjald reiknast að lágmarki miðað við útgefið fiskverð Verðlagsstofu skiptaverðs eins og það er á þeim tíma sem afla er landað. Þetta á við hvort sem um er að ræða óskylda eða skylda viðskiptaaðila sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

## 4. grein: Þjónustugjöld

### 4.1 Gjöld vegna þjónustu við komur og brottfarir skipa

Flutningur hafnsögumanns, fast gjald er kr. 40.635,-.

Fyrir leiðsögu frá ytri höfn að bryggju er fast gjald kr. 11.466,-

Að auki greiðast kr. 9 fyrir hvert br. tonn.

Fyrir leiðsögn frá höfn til ytri hafnar og flutning hafnsögumanns til baka greiðist sama gjald.

Vegna þjónustu dráttarbáts er gjaldtaka samkvæmt taxta þess aðila sem á dráttarbátinn. Þegar



SUÐURNESJABÆR

dráttarbátur flytur hafnsögumann og aðstoðar einnig skipið, fellur fast gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Festar gjald fyrir hverja afgreiðslu pr. mann í dagvinnu kr. 15.446.

Festar gjald fyrir hverja afgreiðslu pr. mann í yfirvinnu kr. 23.730.

Sömu gjöld ber að greiða hlutfallslega fyrir hvern mann sem bætist við vegna landfesta.

## 4.2 Farpegagjald

Farpegagjald er ekki innheimt við komu og brottför farþega með skipum um Sandgerðishöfn.

## 4.3 Gjöld fyrir hafnarvernd/öryggisgæslu

Með vísan til 10. gr. laga um siglingavernd nr. 50/2004 um gjalddöku.

Öryggisgjald: Fast gjald fyrir hverja komu skips kr. 67.130.

Hafnarvernd/öryggisgæsla:

Fast gjald pr. klst. í dagvinnu kr. 8.925 fyrir hvern öryggisvörð.

Fast gjald pr. klst. í yfirvinnu kr. 11.025 fyrir hvern öryggisvörð.

## 4.4 Gjöld fyrir vatn, raforku og aðstöðu fyrir eldsneytisafgreiðslu

- Kalt vatn pr. m3 kr. 441.  
Heitt vatn pr. m3 kr. 872.  
Kalt vatn til minni báta, 10 br. tonn kr. 425 pr. löndun.  
Fyrir hverja kwst. raforku kr. 27,00.  
Lágmark fyrir skip yfir 100 br. tonn er 220 kwst.  
Fast tengigjald í dagvinnu kr. 4.751.  
Fast tengigjald í yfirvinnu kr. 9.592.  
Gjald fyrir aðstöðu vegna eldsneytisafgreiðslu er kr/pr. ár 261.000.

## 4.5 Gjöld fyrir notkun löndunarkrana

Kranagjald, fast gjald pr. löndun allt að 2 tonn kr. 1.360.

Kranagjald fyrir hvert byrjað tonn umfram 2 tonn kr. 457.

Innheimt er gjald fyrir afhendingu lykla af krönum og hliðum kr. 4.500.

Skilagjald á lyklum er kr. 4.500.

## 4.6 Gjöld fyrir vigtun, skráningu sjávarafla og þjónustu í yfirvinnu

Almenn vigtun kr. 341 pr. tonn .

Skráningargjald fyrir skráningu í Gafl kr. 326 pr. tonn.

Lægsta gjald fyrir vigtun sjávarafla kr. 1.500 pr. vigtun.

Lægsta gjald fyrir vigtun vöru/tækja kr. 2.100 pr. vigtun.

Vigtar- og skráningargjald Fiskmarkað kr. 326 pr. tonn.

Fyrir vigtun sjávarafla á tímabilinu frá kl. 17:00 til kl. 21:00 og kl. 06:00 til kl. 08:00 á virkum



dögum greiðist sérstakt yfirvinnugjald sem er kr. 9.600 pr. löndun.

Fyrir vigtun sjávarafla í yfirvinnu utan þess tíma sem að framan greinir, greiðir viðskiptavinur það kostnaðarhlutfall sem höfnin verður að standa skil á vegna launasamninga. Ef fleiri en einn aðili fær þjónustu á sama tíma í yfirvinnu, skiptist kostnaður á milli aðila.

Sérstakt yfirvinnuútkall er að lágmarki 4 klst. á kr. 9.600 pr. klst.

#### **4.7 Gjöld fyrir sorphirðu og sorpeyðingu**

Skip minni en 10 br. tonn kr. 1.654 pr. mán.

Skip 10 – 100 br. tonn kr. 6.150 pr. mán.

Skip 100 – 300 br. tonn kr. 8.022 pr. mán.

Skip 300 – 600 br. tonn kr. 8.505 pr. skipti.

Framangreind gjöld eru fyrir venjulega sorplosun og eyðingu.

Höfnin getur útvegað gáma sérstaklega vegna losunar á miklum úrgangi s.s. vegna viðgerða á skipum o.þ.h.

Fyrir móttöku og eyðingu á vírum, netum og öðrum veiðarfæraúrgangi kr. 98 pr. Kg.

#### **4.8 Lóðagjöld, geymslugjöld og gjald fyrir notkun bátarennu**

Geymsla hvers kyns muna eða tækja er háð leyfi hafnaryfirvalda. Gjald fyrir geymslu á ófrágengnum svæðum hafnarinnar er kr. 610 pr. fermetri pr. mán, eða samkvæmt samkomulagi.

Notkun bátarennu er gjaldfrjáls.

Geymsla gáma á opnum svæðum er kr. 7.800 pr. mánuð.

Geymsla á veiðarfærum og búnaði er frí í 5 daga að fengnu leyfi, en eftir þann tíma reiknast geymslugjald kr. 3.730 pr. dag.

Uppistöðugjald báta undir 20 br. tonn á hafnarsvæðinu er kr. 990 pr. dag, en að fjórum vikum liðnum tvöfaldast gjaldið.

### **5. grein: Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda**

#### **5.1 Um framkvæmd innheimtu og ábyrgð útgerðar flutningaskipa**

Innheimta allra hafnargjalda er framkvæmd af stjórnsýslu og fjármálasviði Suðurnesjabæjar og gjöldin greidd til skrifstofu bæjarins.

Ef gjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lög leyfðu dráttarvexti á skuldina skv. 3. kafla laga nr. 38/2001.

Nemi viðskipti einstakra viðskiptavina við Sandgerðishöfn meira en 26.250.000 kr. á almanaksári, er heimilt að veita afslátt á gjöldum næsta almanaksárs sem nema 7,5% af heildarviðskiptum.

Útgerð og eigandi flutningaskips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Sandgerðishafnar vegna viðkomu skipsins. Skipstjóra er skylt við komu til hafnar að gefa hafnaryfirvöldum allar upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda Sandgerðishöfn þjóðernis- og skrásetningarskírteini.



SUÐURNESJABÆR

Með vísan til 3. greinar í þessari gjaldskrá greiðist vörugjald af öllum vörum sem eru losaðar eða lestaðar í/úr flutningaskipi innan marka hafnarinnar. Vörugjaldið skuldfærist á útgerð skips áður en skipið hefur siglingu að nýju nema um annað sé sérstaklega samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem losar vöruna úr sínu skipi.

## **5.2 Um tryggingar fyrir greiðslu vörugjalda**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingafé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Sandgerðishöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

## **5.3 Um innheimtu virðisaukaskatts**

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Sandgerðishöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tölulið 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

## **6. grein: Gildistaka**

### **6.1 Samþykkt gjaldskrár**

Gjaldskrá þessi fyrir Sandgerðishöfn er gerð skv. hafnalögum nr. 61/2003 og reglugerð um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin var samþykkt af hafnarráði Sandgerðishafnar þann 11. nóvember 2025 og staðfest af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar þann 10. desember 2025, til að öðlast gildi þann 1. janúar 2026 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Sandgerðishöfn sem gildi frá og með 1. janúar 2025.